



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 12. maí, 2010

Ákvörðun nr. 14/2010

Yfirtaka Sparisjóðabanka Íslands hf. á Mörgu smáu ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með samrunatilkynningu sem barst Samkeppniseftirlitinu 2. febrúar 2010 tilkynnti Sparisjóðabanki Íslands hf. (hér eftir SPB) stofnuninni um yfirtöku sína á 65% hlut í fyrirtækinu Margt smátt ehf. (hér eftir MS). Fullnægðei tilkynningin skilyrðum samkeppnislaga og reglna nr. 684/2008 um tilkynningu samruna, en félögum sem ekki starfa á sömu mörkuðum er heimilt að skila styttri tilkynningu skv. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga vegna samruna.

Þann 8. desember 2009 birti Samkeppniseftirlitið umræðuskjal um banka og fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja. Þann 21. janúar 2010 féll úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 18/2009 Síminn hf. gegn Samkeppniseftirlitinu þar sem áfrýjunarnefndin komst að þeirri niðurstöðu að ýmis samkeppnisleg vandkvæði leiddi af yfirtökum banka á atvinnufyrirtækjum. Þar sem um var að ræða yfirtöku banka á atvinnufyrirtæki tilkynnti Samkeppniseftirlitið því samrunaaðilum að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans.

II.

Niðurstaða

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki nái yfirráðum í heild eða hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa eignir þess í heild eða hluta, sbr. c-liður 1. mgr. 17. gr. Getur samruni falist í því að fyrirtæki taki yfir hvers kyns eignir annars fyrirtækis.¹

Samruni þessi varðar yfirtöku SPB á Esra ehf., móðurfélagi fyrirtækisins MS. Til yfirráðanna stofnast með breytingu krafna í hlutafé og öðlast SPB þannig yfirråd yfir félaginu.

¹ Sjá t.d. leiðbeiningarreglur framkvæmdastjórnar EB frá 10. júlí 2007 um m.a. skilgreiningu á hugtakinu samruni (COMMISSION CONSOLIDATED JURISDICTIONAL NOTICE under Council Regulation (EC) No 139/2004 on the control of concentrations between undertakings): "...the object of control can be one or more, or also parts of, undertakings which constitute legal entities, or the assets of such entities, or only some of these assets. The acquisition of control over assets can only be considered a concentration if those assets constitute the whole or a part of an undertaking, i.e. a business with a market presence, to which a market turnover can be clearly attributed. The transfer of the client base of a business can fulfil these criteria if this is sufficient to transfer a business with a market turnover. A transaction confined to intangible assets such as brands, patents or copyrights may also be considered to be a concentration if those assets constitute a business with a market turnover..."



SPB er fjármálafyrirtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Bankinn sérhæfði sig í heildsöluþjónustu við sparisjóði í landinu, auk þess að stunda lánaviðskipti við valda viðskiptavinum. Fjármálaeftirlitið ákvað þann 21. mars 2009 að taka yfir vald hluthafafundar SPB. Þá ákvað Fjármálaeftirlitið 27. mars að skipa bankanum skilanevnd sem fer með öllum málefnum SPB og hefur umsjón með allri meðferð eigna hans og skulda.

MS starfar á innlendum auglýsingavörumarkaði og sérhæfir sig í innflutningi og merkingu (prentun og ísaumur) á hinum ýmsu vöruflokkum, s.s. fatnaði, smávöru og gjafavöru. Viðskiptavinir fyrirtækisins eru á annað þúsund fyrirtækja, félagasamtaka og einstaklinga. Helstu samkeppnisaðilar eru Bros-Gjafaver ehf., Tanni ehf., Valfoss ehf., Marko-Merki ehf., Prentun og pökkun ehf., Emot ehf. og Mótíf hf. Samrunaaðilar áætla markaðshlutdeild fyrirtækisins um 20-25% markaðarins og er fyrirtækið stærsti aðilinn sem starfar á umræddum markaði. Engin efni eru til þess að ætla að með yfirtökunni stofnist til markaðsráðandi stöðu á markaðnum.

Í 17. gr. c samkeppnislaga segir að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða eins eða fleiri fyrirtækja verði til eða slík staða styrkist, eða verði að öðru leyti til þess að samkeppni raskist með umtalsverðum hætti geti stofnunin ógilt samruna eða sett honum skilyrði.

Það er mat Samkeppniseftirlitsins að samruni þessa máls raski ekki samkeppni skv. þeim viðmiðunum sem felast í 17. gr. c samkeppnislaga. Við rannsókn málsins var m.a. tekið til athugunar hvort samkeppni kunni að verða raskað með eignarhaldi Sparisjóðabanka Íslands. Er þá m.a. vísað til umræðuskjals Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2009, *Bankar og endurskipulagning fyrirtækja – stefnumörkun*, og úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 18/2009, *Síminn gegn Samkeppniseftirlitinu*. Samkeppniseftirlitið telur að ekki séu forsendur til íhlutunar á þessum grunni. Við það mat var m.a. horft til markaðshlutdeildar MS og þess að SPB er ekki umsvifamikill í endurskipulagningu fyrirtækja auk þess sem hann sinnir ekki lengur almennri viðskiptabankaþjónustu.

III.

Ákvörðunarorð:

„Ekki er ástæða til þess að aðhafast frekar vegna yfirtöku Sparisjóðabanka Íslands hf. á Mörgu smáu ehf.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson